

Búðavellir á Húsavík: Fyrstu niðurstöður forkönnunar

Þá er fyrstu forkönnun á Búðarvöllum lokið. Hildur Gestsdóttir (leyfishafi) og Stefán Ólafsson luku verkinu á föstudagskvöldið 16. september. Hér fylgir örstutt samantekt um verkið.

Samanlagt voru grafnir 6 skurðir. Það var einhverja mannvist að finna í öllum skurðum, en minnst í skurðum 1-3. Í þeim skurðum var aðallega að finna ruslalög frá 20. öld auk gryfju á einum stað sem er með óþekkt hlutverk. Í skurðum 4-6 var meiri mannvist.

Í skurði 4 voru allra mestu minjarnar. Þar var grjóthlaðinn veggur eða undirstöður sem voru a.m.k. 1 m á hæð. Sunnan við hann var niðurgroftur sem er líklega kjallari, en líka gryfja, um 2 m í þvermál. Í henni var einhvers konar torfhleðsla og hún full af kolum og múrsteinum. Gryfjan var það djúp að aðeins var hægt að grafa upp hluta hennar í könnunarskurðinum. Mikið múrsteinalag var einnig tengst þessu mannvirki. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta lag hefur gegnt en vel má hugsa sér að það sé annað hvort verið leifar af gólfi eða hugsanlega ummerki um einhver konar mannvirki úr múrsteinum (eins og t.d. skorstein) sem hafi svo verið rífið. Úr ruslalögum (sem að líkindum tengjast því skeiði þegar þetta mannvirki fer úr notkun) fundust gripir geta hugsanlega gefið hugmynd um hvenær mannvirkið var farið úr notkun.

Í skurði 5 var m.a. ruslagryfja með viðarösku/móösku/kol), hún náði út fyrir skurðinn þannig að það er ekki hægt að áætla stærð hennar út frá könnunarskurðinum en lítill þrúfuskurður var tekin í gryfjuna og þar komu í ljós gripir sem ætti að vera hægt að nýta til aldursgreiningar.



Kort af þeim skurðum sem teknir voru í September 2022. Kortið byggir á bráum (óleiðréttum) uppmalingsgögnum en þau gefa góða hugmynd um stærð og staðsetningu skurðanna

Í skurði 6 var stór gryfja með grjóthleðslu umhverfis. Ofan í gryfjunni (og í gryfju-fyllingunni sem var að mestu uppmoksturslög) voru gripir sem gætu bent til þess að hún sé frá fyrri hluta 20. aldar en engin augljós vísbending fannst um upprunalegt hlutverk gryfjunnar.

Á svæðinu var lítið var um gjóskur frá sögulegum tímum en slíkar gjóskur eru að jafnaði það sem besta hugmynd gefur um aldur minja í skurðum sem þessum. Í skurðum 2-6 sást þó merki um mannvist (kola og/eða móöskuflekkir) í jarðlögum rétt fyrir ofan H3, en erfitt að segja til um aldur á þeim.

Ljóst er að talsverðar mannvistarleifar eru undir sverði á svæðinu, sérlega á hluta svæðis. Næsta skref er væntanlega það að Minjastofnun Íslands metur þær upplýsingar sem komið hafa í ljós í könnunargreftrinum og byggir á þeim úrskurð um hvort og þá hvaða frekari rannsókna sé þörf á þessum slóðum til mótvægis við þær framkvæmdir (vegalögn) sem fyrirhuguð er. Áður hefur stofnunin úrskurðað um rannsóknir á sjálfum byggingarlóðunum á svæðinu og líklega stendur sá úrskurður óbreyttur þegar kemur að því að hugsa um byggingareitina.

Fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands,

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 21. september 2022